

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um eigendur banka, jöklabréf og skuldbindingar ríkissjóðs.

1. Hverjir eru eigendur Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka og í hvaða hlutföllum?

Íslandsbanki hf.	
Ríkissjóður	5%
Kröfuhafar/skilanefnd Glitnis hf.	95%
Landsbanki hf.	
Ríkissjóður	81,3%
Landskil, dótturfélag Landsbanka Íslands hf.	18,7%
Arion banki hf.	
Ríkissjóður	13%
Kaupskil, dótturfélag Kaupþings banka hf.	87%

2. Hvað hefur ríkissjóður tekið á sig miklar ríkisábyrgðir gagnvart þessum bönkum eftir einkavæðingu þeirra árið 2009?

Ríkissjóður hefur ekki tekið á sig aðrar ábyrgðir vegna Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka eftir einkavæðingu þeirra á árinu 2009 en þær sem felast í veitingu víkjandi lána við fjármögnun þeirra.

3. Hverjir eru eigendur jöklabréfanna sem liggja inni í Seðlabankanum og í hvaða hlutföllum? Hvað voru háar upphæðir að baki jöklabréfunum 1. janúar 2011?

Engin „jöklabréf“ liggja inni í Seðlabankanum. Útistandandi bréf eru 16 mia.kr. Meiri hluti þeirra fellur í gjalddaga í febrúar, apríl og maí 2011. Eitt skuldabréf að fjárhæð 3 mia.kr. er með gjalddaga á árinu 2017. Upplýsingar um jöklabréf má nálgast í Markaðsupplýsingum Lánamála ríkisins á slóðinni lanasysla.is.

4. Hvað tók íslenska ríkið á sig miklar ríkisábyrgðir samtals eftir hrun:

- frá 8. október 2008 – 31. desember 2008,
- frá 1. janúar 2009 – 31. desember 2009,
- frá 1. janúar 2010 – 31. desember 2010?

Frá 8. október 2008 til 31. desember 2008:

Landsvirkjun: Engar lántökur á tímabilinu.

Íbúðalánasjóður: Útgáfa nam 17 mia.kr.

Frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009:

Farice ehf.: Ábyrgð á láni að fjárhæð 5 mia.kr.

Landsvirkjun: Lántaka 71,4 mUSD og 622 m.kr. Yfirtekin lán 10,5 mUSD.

Íbúðalánasjóður: Útgáfa 16,5 mia.kr.

Frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010:

Farice ehf.: Ábyrgð á láni að fjárhæð 2,7 mEUR.

Landsvirkjun: Lántaka 7,5 mia.kr. og 150 mUSD. Yfirtekið lán 5,5 mUSD.

Íbúðalánasjóður: Útgáfa nam 46,4 mia.kr.

Upplýsingar um stöðu ríkisábyrgða má nálgast í Markaðsupplýsingum Lánamála ríkisins.

5. *Hvað eru miklar ríkisábyrgðir á íslenska ríkinu ásamt ríkisfyrirtækjum og fyrirtækjum í einkageiranum miðað við 1. janúar 2011 (Landsvirkjun, Íbúðalánasjóður og Seðlabanki), sundurliðað eftir:*

a. *Seðlabanka,*

b. *Íbúðalánasjóði,*

c. *Landsvirkjun,*

d. *öðrum stofnunum á vegum ríkisins,*

e. *fyrirtækjum í eigu einkaaðila, fyrirtækjum í eigu einkaaðila og ríkisins, svo sem Farice-sæstrengnum, gagnaveri Verne Holding og öllu öðru sem fellur undir þennan lið?*

a) Seðlabankinn:

Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag. Ríkissjóður ber eigendaábyrgð vegna skuldbindinga Seðlabanka. Stöðu Seðlabanka má sjá í ársreikningum bankans. Samkvæmt síðustu ársskýrslu bankans var eigið fé hans 77,9 mia.kr. án endurmats eigna en 82,9 mia. kr. með endurmati. Meðtalið er skuldabréf útgefið af ríkissjóði vegna yfirtöku veð- og daglána að fjárhæð 161 mia.kr.

b) Íbúðalánasjóður:

Staða lána Íbúðalánasjóðs í árslok 2010 var 910,6 mia.kr. Er þá meðtalin útgáfa íbúðabréfa vegna sammings við aðalmiðlara um verðbréfalánafyrirgreiðslu 44,7 mia.kr. Verg ábyrgð ríkissjóðs er þannig 865,9 mia.kr.

c) Landsvirkjun:

Staða lána Landsvirkjunar í árslok 2010 var 348,4 mia.kr. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera ábyrgð á móti ríkissjóði á 50% af lántökum félagsins sem stofnað var til fyrir árslok 2006 og nam hlutur þessara sveitarfélaga í árslok 2010 rúmum 115,6 mia.kr. Verg ábyrgð ríkissjóðs er því 233 mia.kr.

d) Aðrar stofnanir á vegum ríkisins:

C-hluta stofnanir ríkissjóðs utan Íbúðalánasjóðs: Í árslok 2010 námu skuldir þessara aðila 17,3 mia.kr., þ.a. Bygðastofnunar 17 mia.kr.

E-hluta stofnanir ríkissjóðs utan Landsvirkjunar: Í árslok 2010 námu skuldir 11,2 mia.kr., þ.a. Isavia 3,6 mia.kr., RÚV 3,7 mia.kr. og RARIK 3,1 mia.kr.

- e) Fyrirtæki í eigu einkaaðila, fyrirtæki í eigu einkaaðila og ríkisins, svo sem Farice-sæstrengurinn, gagnaver Verne Holding og allt annað sem fellur undir þennan lið:
 Í árslok 2010 námu skuldir 12,6 mia.kr., þ.a. Farice 7,3 mia.kr. og NIB 2,7 mia.kr.
 Engin ríkisábyrgð er vegna gagnavers Verne Holding.

6. *Hvað skuldaði íslenska ríkið hinn 15. janúar sl. erlendum þjóðum vegna áætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hvernig eru endurgreiðslur tryggðar? Hvað er lagt að veði til að tryggja endurgreiðslur?*

		15. janúar 2011
Færeyjar	300 mDKK	6.281 m.kr.
Danmörk	240 mEUR	37.423 m.kr.
Svíþjóð	247,5 mEUR	38.593 m.kr.
Finnland	160 mEUR	24.949 m.kr.
Pólland	204,8 mPLN	8.197 m.kr.
		115.443 m.kr.

Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Noregs til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands eru veitt beint til Seðlabanka og eru ekki hluti af skuldum ríkissjóðs. Lán ríkissjóðs eru tekin með ábyrgð ríkissjóðs en á móti þeim stendur eign í gjaldeyrisforða sem varðveittur er í Seðlabanka Íslands.